

BÍÓ

302. tbl. mars 2019

MYRIR

márhvarins

MARVEL STUDIOS

CAPTAIN MARVEL



-Finndu mýktina í Milka-



Milka

Fyrir mjúku hliðina...

A NEW NIGHTMARE FROM THE MIND OF ACADEMY AWARD® WINNER

JORDAN PEELE

WRITER/DIRECTOR OF *GET OUT*

**NÝTT
Í BÍO**
FRUMSÝND
22. mars

Us

WATCH YOURSELF

LAUGARÁS  BÍO
BARA LÚXUS

SMÁRA  BÍO

HÁSKÓLA  BÍO

BORGAR  BÍO

Óskarinn að baki

Óskarsverðlaunin voru afhent sunnudaginn 24. mars og viljum við benda áhugasömum á að margar þeirra mynda sem hlutu Óskara að þessu sinni eru enn í bíó, t.d. *Green Book* sem fékk þrenn verðlaun, þ. á m. sem besta mynd ársins, *Bohemian Rhapsody* sem fékk fern verðlaun, þ. á m. Rami Malek fyrir leik sinn sem Freddie Mercury, *The Favourite* þar sem Olivia Coleman hlaut verðlaunin fyrir besta leik ársins í aðalhlutverki kvenna, *Vice*, *Roma*, *A Star is Born* og ekki síst teiknaða snilldin *Spider-Man: Into the Spider-Verse* sem hlaut Óskarsverðlaunin sem besta teiknimynd ársins.

Marsdagskrá bíóhúsanna:

1. mars	Að temja drekann sinn 3	Bls. 14
8. mars	Captain Marvel	Bls. 15
15. mars	Britt-Marie var hér	Bls. 16
15. mars	Jón hnappur og Lúkas eimreiðarstjóri	Bls. 18
15. mars	Captive State	Bls. 19
22. mars	Us	Bls. 20
22. mars	Ástríkur og leyndardómur töfradrykkjarins	Bls. 22
29. mars	Dúmbó	Bls. 22
29. mars	Dragged Across Concrete	Bls. 23

Kíkið svo einnig á DVD- BluRay- og VOD-útgáfuna hinum megin í blaðinu, en þar má finna margar áhugaverðar gæðamyndir auk þess sem við kynnum tvo nýja og spennandi tölvuleiki.

Viltu vinna bíómiða fyrir tvo í eitthvert kvikmyndahúsanna?

Finndu þá sólina og taktu þátt í leiknum!

Leikurinn er ekki flókinn. Þú þarft að finna litla sól sem reynir að skína skært á einni síðunni hér bíómegin í blaðinu og lítur út eins og þessi: ☀

Ef þú finnur sólina og vilt taka þátt í leiknum skaltu fara inn á facebook.com/myndirmanadarins og senda okkur rétta svarið **með skilaboðum**, þ.e. númerið á blaðsíðunni þar sem sólin er. Ekki gleyma að hafa **fullt heimilisfang** og póstnúmer með svarinu.

Frestur til þátttöku er til og með **21. mars**. Valið verður af handahófi úr réttum lausnum fljótlega eftir það og verða nöfn vinningshafa síðan birt í næsta tölublaði sem kemur út í lok mars.

Vinningshafar í síðasta leik, finndu blöðruna:

Emma Dórótheudóttir, Ránargötu 15, 101 Reykjavík
 Birna Hilmarisdóttir, Efstaleiti 65, 230 Keflavík
 Karen Welker Pétursdóttir, Helluvaði 1, 110 Reykjavík
 Guðjón E. Ingimarsson, Norðurbyggð 20A, 815 Þorlákshöfn
 Lára Bjarnadóttir, Vatnsholti 5a, 230 Reykjanesbæ

Takk fyrir þátttökuna!

MYNDIR MÁNAÐARINS

302. tbl. mars 2019

Útgefandi: Myndir mán. ehf., Trönuhrauni 1, 220 Hafnarfirði, sími 534-0417

Heimasíða: www.myndirmanadarins.is

Ábyrgðarmaður: Stefán Unnarsson / myndmark@islandia.is

Texti / Umbrot: Bergur Ísleifsson

Próförk: Veturliði Óskarsson

Prentun / Bókband: Ísafoldarprentsmiðja

Upplag: 20.000 eintök



LAUGARÁS  BÍÓ
BARA LÚXUS

SMÁRA  BÍÓ

HÁSKÓLA  BÍÓ

BORGAR  BÍÓ

**OF GOTT TIL AD
SLEPPA ÞVÍ**





Leikararnir fjórir sem hlutu Óskarsverðlaunin að þessu sinni samfagna hér árangri sínum baksviðs eftir afhendinguna. Þetta eru þau Rami Malek sem fékk styttuna góðu fyrir besta leik í aðalhlutverki karla (*Bohemian Rhapsody*), Olivia Coleman fyrir besta leik í aðalhlutverki kvenna (*The Favourite*) og þau Regina King (*If Beale Street Could Talk*) og Mahershala Ali (*Green Book*) sem hlutu verðlaunin fyrir besta leik í aukahlutverkum kvenna og karla. Þrjú þau fyrstnefndu fengu þarna sinn fyrsta Óskar en Mahershala Ali var að taka á móti sínum öðrum Óskarsverðlaunum eftir að hafa einnig hlotið þau á Óskarshátíðinni 2017 fyrir leik sinn í myndinni *Moonlight*.



Kvikmyndin *Green Book* hlaut þrenn Óskarsverðlaun því fyrir utan Óskarinn sem Mahershala Ali hlaut fyrir leik sinn í henni hlaut hún einnig verðlaunin sem besta mynd ársins og fyrir besta frumsamda handritið. Þessir herrar, þeir Brian Hayes Currie, Peter Farrelly og Nick Vallelonga, hlutu því tvo Óskara hver, bæði sem framleiðendur myndarinnar og sem handritshöfundar hennar, en Peter Farrelly var jafnframt leikstjóri myndarinnar.



Alfonso Cuarón gat hins vegar farið heim með þrjár Óskarsverðlaunastyttur því hann var allt í senn, leikstjóri, kvikmynda- tókumaður og framleiðandi myndarinnar *Roma* sem hlaut verðlaunin sem besta erlenda myndin, fyrir leikstjórn og fyrir kvikmyndatöku. Fyrir átti Alfonso fjórar styttur sem hann hlaut sem leikstjóri, handritshöfundur, klippari og framleiðandi myndarinnar *Gravity* árið 2014.




Óskarsverðlaunin voru nokkuð óvenjuleg vegna þess að það var enginn sérstakur „gestgjafi“ að þessu sinni eins og verið hefur undanfarna áratugi. Það kom því mörgum á óvart þegar grínistarnir og vinkonurnar Maya Rudolph, Tina Fey og Amy Poehler stigu á sviði í upphafi hátíðarinnar eins og þær hefðu tekið gestgjafahlutverkið að sér. Þetta reyndist samt bara létt grín, að sögn þeirra til að hæggt væri að taka af þeim myndir svo fólk myndi halda seinna að þær hefðu verið gestgjafar hátíðarinnar. Snjöll byrjun á veislunni.



En þótt enginn væri gestgjafi var boðið upp á fjölbreytt sprell eins og t.d. þegar þau Melissa McCarthy og Brian Tyree Henry stigu á sviði í fullum skrudða sem fenginn var úr myndinni *The Favourite* og tilkynntu hver hlyti Óskarinn fyrir búningahönnun að þessu sinni. Hann féll svo í skaut Ruth E. Carter, búningahönnuðar *Black Panther*, sem um leið varð fyrsta svarta konan til að hljóta Óskarsverðlaunin fyrir búningahönnun, en hún hafði tvisvar áður verið tilnefnd.



Þau Brie Larson og Samuel L. Jackson, sem kvikmyndaáhugafólk mun geta séð leika saman í *Captain Marvel* núna í marsmánuði, urðu ofsaglöð þegar þau tilkynntu að myndin *BlackKlansman* hlyti Óskarinn að þessu sinni fyrir besta handritið, byggt væri á áður útgefnu efni. Leikstjórinn Spike Lee, sem einnig er einn af handritshöfundunum, varð ekki síður glaður með heiðurinn og svo að segja flaðraði upp um Samuel vin sinn með tilþrifum eins og sjá má á myndinni hér til hægri.



Sparnaðu og við hvetjum þig áfram

Landsbankinn greiðir 6.000 kr. mótframlag þegar fermingarbörn leggja 30.000 kr. eða meira inn á Framtíðargrunn eða í verðbréfasjóð. Ef báðir kostir eru nýttir leggur Landsbankinn því til 12.000 kr. í mótframlag. Þannig viljum við hvetja til sparnaðar.

Nánari upplýsingar um sparnað og verðbréfasjóði má nálgastá landsbankinn.is/sparnaður.





Þetta eru þau Jay Hart og Hannah Beachler sem fögnuðu mjög verðlaununum sem þau hlutu fyrir sviðsetningu myndarinnar *Black Panther*, en hún var tilnefnd til sjö Óskarsverðlauna, þar á meðal sem besta mynd ársins og varð um leið fyrsta Marvel-öfuhetjumyndin til að ná þeim árangri. Rétt eins og í tilfelli búningahönnunar þar sem Ruth E. Carter varð fyrsta svarta konan til að hljóta Óskarinn fyrir það varð Hannah Beachler fyrsta svarta konan til að hljóta



Óskar fyrir sviðsetningu og reyndar er það umtalað að aldrei hafi jafnmargt fólk af afrískum uppruna verið tilnefnt og því síður hlotið jafnmarga Óskara á einu kvöld og í þetta sinn.


Hér til vinstri má svo sjá hinn sænska Ludwig Göransson sem hampaði þriðja Óskarnum sem féll í skaut *Black Panther* en hann samdi tónlistina í henni. Ludwig hefur áreiðanlega verið vel fagnað af löndum sínum en á meðal annarra mynda sem hann hefur samið tónlistina fyrir má nefna *Creed*-myndirnar báðar og núna síðast myndina *Venom*.



Myndin *Vice* eftir leikstjórn og handritshöfundinn Adam McKay var tilnefnd til átta Óskarsverðlauna en hlaut aðeins ein, fyrir bestu förðun þeirra Kate Winslet, Greg Kinnear og Patricia Richardson sem fagna hér á þessari mynd. Hinar sjö tilnefningarnar voru fyrir leikstjórn, besta handrit, besta leik í aðalhlutverki karla, besta leik í aukahlutverkum karla og kvenna, bestu klippingu og sem besta mynd ársins og þótti fyrirfram líklegt að a.m.k. Christain Bale myndi hljóta verðlaunin fyrir sína parta. En nei, svo fór ekki og Christian verður því að gera aðra tilraun til að hljóta sinn annan Óskar, en þann fyrsta fékk hann árið 2011 fyrir leikinn í myndinni *The Fighter*.



Eins og hefð er fyrir á Óskarsverðlaunahátíðinni voru öll þau lög sem tilnefnd voru sem besta lag ársins flutt á sviðinu og þar létu þau Lady Gaga og Bradley Cooper ekki sitt eftir liggja. Þau fluttu saman lagið *Shallow* úr myndinni *A Star is Born* af mikilli innlifun en lagið hefur verið á meðal þeirra vinsælustu í heimi allt frá því að myndin var frumsýnd. Svo fór einnig, eins og allir töldu nánast fyrirfram að myndi gerast, að *Shallow* hlaut Óskarinn og þar með Lady Gaga og meðhöfundar hennar, þeir Mark Ronson, Anthony Rossomando og Andrew Wyatt. Lady Gaga átti erfitt með að hemja gleði sína yfir heiðrinum eins og sést hér á myndinni til vinstri og hefur þessi Óskar eflaust verið sárabót líka því *A Star is Born* var tilnefnd til sjö annarra Óskarsverðlauna, þ. á m. fyrir leik þeirra Lady Gaga og Bradleys í aðalhlutverkum og sem besta mynd ársins, en missti af þeim öllum. Gengur betur næst!



Það þótti sérlega vel til fundið af bandarísku kvikmyndaakademíunni að fá þá Mike Myers og Dana Carvey til að kynna myndina *Bohemian Rhapsody* á hátíðinni sem eina af þeim átta myndum sem tilnefndar voru sem besta myndin að þessu sinni.



Þeir Mike og Dana sköpuðu nefnilega eitt af frægustu atriðum kvikmyndasögunnar þegar þeir ásamt þremur félögum sínum í myndinni *Wayne's World* sungu samnefnt lag í bílnum sínum með miklum tilprifum. Atriðið, eða hluti þess, var sýnt á undan kynningunni sjálfri en það átti mikinn þátt í að *Wayne's World* yrði jafn vinsæl og hún svo varð. Vakti þetta mikla lukku áhorfenda.



Gott ráð við kvefi og kinnholubólgu



Otrivin Menthol nefúði, lausn. Inniheldur xylómetazólínhydróklóríð. Bólgur og aukin slímmyndun í nefi, kinnholum og nefkoki. Otrivin Menthol 1 mg/ml er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.



Óskar í vændum?

Lífið fer í hringi ásamt árstíðunum og nú þegar Óskarsverðlauna-hátíðin 2019 er að baki eru menn þegar farnir að spá í hvaða myndir það verði sem keppa munu á næstu verðlaunatið um helstu verðlaun ársins. Ein þeirra mynda sem er strax að fá mikla athygli er myndin *Rocketman* eftir Dexter Fletcher en hún segir frá ævi Reginalds Kenneth Dwight sem vakti athygli fyrir tónlistargáfu sína á unga aldri og varð síðan heimsfrægur sem Elton John. Það er Taron Egerton sem fer með hlutverk Eltons og vangaveltur um að þarna sé á ferðinni ein af verðlaunamyndum ársins fengu byr undir báða vængi á dögnum þegar fyrsta langa stiklan úr myndinni var frumsýnd enda þykir hún alveg frábær. Það dregur ekki úr að leikstjóri myndarinnar er Dexter Fletcher sem eins og margir vita tók við taumunum þegar Bryan Singer gekk úr skiptinu og kláraði að leikstýra *Bohemian Rhapsody* án þess þó að hans framlags sé getið á kreditlistum. Sagan segir að Dexter hafi tekist snilldarlega vel upp með *Rocketman* og að það skemmi ekki fyrir að Taron Egerton sé algjörlega frábær í hlutverki hins mikla músikants. Við sjáum hvað setur en myndin verður að öllum líkindum frumsýnd í byrjun júní og þá kemur þetta allt í ljós.



Yesterday, everyone knew
The Beatles.

Today, only Jack
remembers their songs.

He's about to become
a very big deal.

YESTERDAY

Önnur mynd sem nefnd hefur verið að undanförunu sem líklegur verðlaunakandídat ársins 2019 tengist líka tónlist. Þetta er myndin *Yesterday* eftir þá Danny Boyle og handritshöfundinn Richard Curtis, en hún segir frá tónlistarmanninum Jack Malik sem rankar við sér á spítala eftir að ekið er á hann og kemst þá að því að hann er kominn inn í einhvers konar hliðarveröld þar sem Bítlarnir hafa aldrei verið til og þá ekki lögin þeirra heldur. Jack kann hins vegar öll lögin og þótt hann reyni í

fyrstu að segja fólki frá því að hann sé ekki höfundurinn þýðir það ekki neitt og áður en varir er hann orðinn heimsfrægur og er um leið kominn í hóp með vinsælustu lagahöfundum allra tíma.

Það er Himesh Patel sem leikur Jack en hann er þekktastur fyrir að leika Tamwar Masood í *Eastenders*-sjónvarpsseriunni og Nitin í gamanþáttunum *Damned*. Með önnur stór hlutverk fara m.a. þær Lily James, Ana de Armas og Kate McKinnon og þeir James Corden og Ed Sheeran leika sjálfa sig. Tvær langar stiklur úr myndinni hafa verið frumsýndar og hvað sem öllum verðlaunum líður þá spáum við því hér á Myndum mánaðarins að *Yesterday* verði einn af stórmellum næsta sumars, en myndina á að frumsýna í júní.



Magnaður árangur

Undanfarin fimm ár hafa verið mikið ævintýri í lífi rithöfundarins Önnu Todd sem hóf á árinu 2013 að skrifa sögur inni á sögusamfélagsmiðlinum Wattpad, sögur sem voru innblásnar af hrifningu hennar á tónlist hljómsveitarinnar One Direction og ekki síður á einum að meðlimum hennar, Harry Styles. Það er skemmst frá því að segja að sögurnar, sem bera samheitið *After*, slógu í gegn og urðu innan árs að prentuðum metsölubókum sem fengu frábæra dóma og hafa svo á þeim stutta tíma sem liðinn er verið þýddar á meira en þrjátíu tungumál og víða farið í efsta sæti bóksöluhlusta, t.d. í Frakklandi, á Ítalíu, Spáni og í Þýskalandi. Er nú talið að þær hafi selst í meira en 15 milljónum eintaka. Að auki er nú búið að kvikmynda þessar sögur, eða hluta þeirra, og er sú mynd væntanleg í bíó í apríl. Við kynnum hana því betur í næsta blaði en bendum áhugasömum á að skoða myndina á netinu þar sem fyrstu stikluna er að finna.



Tvær teiknimyndir í apríl



Góðar teiknimyndir njóta sívinsælda í kvikmyndahúsum og í apríl verða tvær slíkar glænýjar myndir frumsýndar.

Sú fyrri er myndin *Undragarðurinn*, eða *Wonder Park* á ensku, og segir frá ungri stúlku sem lendir í ævintýri lífs síns þegar hún finnur sannkallaða ævintýraveröld þar sem allt sem hún getur ímyndað sér verður að veruleika.

Seinni myndin heitir *Týndi hlekkurinn*, eða *Missing Link* og er eftir Chris Butler sem skrifaði m.a. *Kubo and the Two Strings* og *ParaNorman* og leikstýrði einnig þeirri síðarnefndu. Hér segir frá herra Link sem er forsögulegur maður, eiginlega mannapi, sem ákveður að ráða í þjónustu sína landkönnuðinn Lionel Frost til að hjálpa sér að finna ættingja sína sem herra Link telur að geti enn hafst við í hinu dularfulla Sjangrí La-héraði þar sem tíminn stendur kyrr.

Við kíkjum betur á báðar þessar teiknimyndir í næsta blaði en þangað til geta áhugasamir skoðað frábærar stiklurnar.

COLIN
FARRELL

MICHAEL
KEATON

DANNY
DEVITO

EVA
GREEN

Disney

A TIM BURTON FILM

DUMBO

BELIEVE



FRUMSÝND 29. MARS

SAMBÍÐIN
EGILSHÖLL

AKUREYRI
SAMBÍÐIN

LAUGARÁS
BÍÓ

SMÁRA
BÍÓ

KEFLAVÍK
SAMBÍÐIN

KRINGLUNNI
SAMBÍÐIN

ÁLFABAKKA
SAMBÍÐIN



Næsta Bond-mynd heitir Shatterhand

Eftir að hafa tafist í a.m.k. heilt ár vegna endurtekinna handritsskrifa og ekki síður vegna þess að Danny Boyle, sem hafði tekið að sér leikstjórnina, dró sig út úr vinnslunni í ágúst í fyrra, er loksins komið að því að hefja tökur á næstu *James Bond*-mynd, þeirri tuttugustu og fimmtu í röðinni. Leikstjóri verður Cary Joji Fukunaga (*Beasts of No Nation*) og samkvæmt tilkynningu frá framleiðandanum er vinnuheiti myndarinnar *Shatterhand*, sem talsverðar líkur eru reyndar á að verði hið endanlega heiti, en *Shatterhand* er gamalt dulnefni eins af erkióvinum James Bond, Ernst Stavro Blofeld.

Með aðalhlutverkið fer í fimmta sinn Daniel Craig og má reikna með að þetta verði í síðasta sinn sem hann leikur kappann, en eins og margir muna vafalaust stóð það tæpt eftir síðustu mynd að hann ætti endurkvæmt á hvíta tjaldið sem Bond. Tökur munu hefjast 6. apríl en ekkert hefur verið látið uppi um söguna og verða menn sennilega að bíða allt fram í desember áður en fyrsta stiklan verður frumsýnd. *Shatterhead* er enn skráð með 8. apríl 2020 sem frumsýningardag en líklegt þykir að það muni breytast.



Segðu bara shazam!


Sjöunda myndin úr ofurhetjuheimi DC-Comics er væntanleg í kvikmyndahúsin 5. apríl en þar fáum við að fylgjast með ævintýrum hins munaðarlaus, fjórtán ára Billys Batson sem í byrjun sögunnar er að flytja inn á sitt sjöunda fósturheimili eftir að hafa verið úthýst af því sjötta vegna slæmrar hegðunar, rétt eins og í hin fimm skiptin. Kvöld eitt þegar hann er á flóttu undan strákum sem ætla að berja hann lendir hann í einhvers konar hliðarveröld þar sem dularfull persóna gefur honum krafta til að breyta sér í ofurhetjuna Shazam! með því einu að segja þetta orð. Til að byrja með hefur Billy ekki hugmynd um hvaða ofurhetjukraftar það eru eiginlega sem hann ræður yfir en auðvitað kemur það í ljós þegar hann neyðist til að takast á við hinn hræðilega dr. Thaddeus Sivana.



Aprílhrollurinn

Tveir hrollvekjandi tryllar verða á dagskrá kvikmyndahúsanna í apríl sem báðir lofa þeim fjölmörgu sem gaman hafa af því að láta hræða sig dálítið mjög góðu. Sú fyrri er *Pet Sematary* eftir leikstjórnanna Kevin Kölsch og Dennis Widmyer en hún er eins og flestir eflaust vita gerð eftir einni af þekktustu bókum Stephens King.

Sú seinni heitir *The Curse of La Llorona* og er eftir Michael Chaves, framleidd af James Wan. Hún segir frá félagsráðgjafa sem í framhaldi af því að hafa ekki tekið mark á hættumerkjunum í fari móður sem síðan er talin hafa myrt börnin sín dregst sjálf inn í veröld þar sem hennar eigin geðheilsu er ógnað af verulega illum öflum. Lesið nánar um báðar þessar myndir í næsta blaði sem kemur að venju út í lok mars.



Það styttist í þetta!

Við hér á Myndum mánaðarins höfum ekki farið leynt með að við hlökkum alveg óskaplega til að sjá *Avengers: Endgame* eftir að hafa beðið þess í ofvæni í ellefu mánuði að fá að vita hvað í ósköpunum þær ofurhetjur sem lifðu af árás Thanosar í *Infinity War* munu taka til bragðs nú þegar veröld þeirra hefur verið lögð í rúst, eða svo gott sem. Við vitum auðvitað að Captain Marvel kemur til sögunnar og á alveg örugglega eftir að blása hinum buguðu bæði nýjan kraft og baráttuanda í brjóst þannig að hægt sé að leggja á ný til atlögu við illvirkjann, en það sem við getum varla beðið eftir að fá að vita er hvort þær ofurhetjur sem dóu (eða leystust upp) eigi afturkvæmt og þá hvernig það verður látið gerast. Dóu þær í alvöru og endanlega eða voru þær bara sendar inn í einhvers konar dulinn heim þar sem þær bíða eftir að komast til baka? Þetta hefur verið stóra spurningin í okkar huga og svarið kemur í apríl.



NÝ HÓPA- OG AFMÆLIS- TILBOÐ

Opnum 7. mars
bókaðu afmælið/hópinn núna
inná www.smarabio.is

**BÍÓ • LASERTAG • KARAOKE
LEIKIR • BARNALAND**

SMÁRA  **BÍÓ**

- eins og bíó á að vera!




Að temja drekann sinn 3

Teiknimynd



Íslensk talsetning: Sturla Sighvatsson, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Ólafur Egilsson, Sigurður Þór Óskarsson, Urður Bergsdóttir, Þórunn Lárusdóttir, Ævar Þór Benediktsson, Sigurbjartur Atlason, Þór Tulinius, Ólafur Darri Ólafsson, Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Hjálmar Hjálmarsson og Steinn Ármann Magnússon **Leikstjórn:** Tómas Freyr Hjaltason **Bíó:** Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó, Sambíóin Egilshöll, Álfabakka og Keflavík og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 1. mars



Baráttan er rétt að byrja!

Í þessari þriðju og síðustu mynd um ævintýri víkingastráksins Hiksta og drekans hans, Tannlausa, lenda þeir í sínu mesta ævintýri til þessa þegar þeir þurfa að takast á við hinn illa drekabana Grimmel sem hefur einsett sér að ná Tannlausa á sitt vald. Sú baráttu snýst síðan upp í kapphlaup um að finna á ný „Hið horfna land“ þar sem drekar eru óhultir fyrir mönnum.

Sagan gerist um ári eftir atburðina í mynd númer tvö og Hiksti hefur ásamt sínu fólki unnið hörðum höndum við að skapa hinn fullkomna stað á Jörðu, borgríkið Berk, þar sem menn og drekar lifa saman í sátt og samlyndi. Hann gerði hins vegar ekki ráð fyrir komu hins öflugra Grimmels sem hótar honum og hans fólki öllu illu láti hann Tannlausa ekki af hendi. Það kemur að sjálfsgöðu ekki til greina ...

Punktur

★★★★1/2 - IGN ★★★★★1/2 - Variety ★★★★★ - Observer
★★★★ - Screen ★★★★★ - H. Reporter ★★★★★ - Wrap

- *Að temja drekann sinn 3* hefur hlotið toppdóma og er af flestum talin besta myndin í þessum ljúfa og spennandi þrileik sem byggður er á samnefndri bókaseríu rithöfundarins Cressidu Cowell. Það má bóka að ef þér líkaði við fyrri myndirnar muntu elska þessa!

- Myndin verður sýnd bæði með íslensku, pólsku og ensku tali og má geta þess að í ensku útgáfunni eru það þau Jay Baruchel, America Ferrera, F. Murray Abraham, Cate Blanchett, Gerard Butler, Craig Ferguson, Jonah Hill, Christopher Mintz-Plasse, Kristen Wiig og Kit Harington sem ljá helstu persónunum raddir sínar.



Captain Marvel

Ofurhetjur / Hasar



Aðalhlutverk: Brie Larson, Samuel L. Jackson, Mckenna Grace, Jude Law, Gemma Chan, Ben Mendelsohn, Djimon Hounsou og Annette Bening **Leikstjórn:** Anna Boden og Ryan Fleck **Bió:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Egilshöll, Keflavík og Akureyri, Smárabíó, Laugarásbíó, Selfossbíó, Ísafjarðarbíó, Eyjabíó, Bíóhöllin Akranesi, Króksbíó og Skjaldborgarbíó

Framsýnd 8. mars



Veistu svarið?

Brie Larson fékk snemma áhuga á leiklist og hóf að leika á sviði sex ára gömul og síðar í fjölmörgum sjónvarpsþáttum og kvikmyndum. En fyrir leik í hvaða mynd hlaut hún bæði Golden Globe-, BAFTA- og Óskarsverðlaunin 2016?



wooy

Hærra. Lengra. Hraðar.

Upprunasaga ofurhetjunnar ms. Marvel sem síðar var nefnd Captain Marvel og er að margra mati svalasta og kraftmesta ofurhetja Avengers-gengisins – sem eins og allir vita sem sáu síðustu Avengers-mynd þarf nú nauðsynlega á henni að halda.

Já, það er ekki seinna vænna að kynna Carol Danvers til sögunnar í Marvel-ofurhetjuheiminum enda á hún væntanlega eftir að koma mikið við sögu í næstu Avengers-mynd, *Endgame*, sem frumsýnd verður í síðustu viku aprílmánaðar, þ.e. strax eftir páska. Myndin gerist á tíunda áratug síðustu aldar þegar Carol, sem er orrustuflugmaður í Bandaríkjaher, lendir ásamt félögum sínum og öðrum Jarðarbúum mitt á milli í stríði tveggja ógnvekjandi geimverutegunda sem berjast hatrammlega um alheimsyfírráð. Sú styrjöld hefði sennilega gert út af við lífið á Jörðinni ef Carol hefði ekki borið gæfu til að öðlast þá ofurkrafta sem gerðu henni kleift að breyta sér í Captain Marvel og um leið í bjargvætt mannkynsins ...



Brie Larson leikur Captain Marvel sem heitir í raun fullu nafni Carol Susan Jane Danvers og var orrustuflugmaður í Bandaríkjaher áður en hún öðlaðist þá ofurkrafta sem breyttu henni í Captain Marvel.

Punktur

- Nick Fury, sem Samuel L. Jackson leikur hér sem fyrr, kemur mikið við sögu í *Captain Marvel* enda einn af kennurum Carol Danvers, en af því að myndin gerist fyrir a.m.k. 25 árum hefur hann verið yngdur upp með tölvutækni og verður gaman að sjá útkomuna á því.
- Mjög lítið hefur verið gefið upp um söguna í myndinni en að því sem okkur hér á Myndum mánaðarins skilst þá leiðir hún að lokum til þess tíma þegar Nick reynir að hringja í hana í lok *Infinity War*.



Leikararnir Gemma Chan, Samuel L. Jackson og Brie Larson ásamt leikstjórunum og handritshöfundunum Önnu Boden og Ryan Fleck koma hér fram á kynningu á myndinni *Captain Marvel* á dögnum.



Britt-Marie var hér

Gamandrama



Aðalhlutverk: Pernilla August, Vera Vitali, Peter Haber, Malin Levanon, Anders Mossling, Olle Sarri, Mahmut Suvakci og Lancelot Ncube **Leikstjórn:** Tuva Novotny **Bíó:** Laugarásbíó, Háskólabíó og Borgarbíó Akureyri

Frumсыnd 15. mars



Eiginmaður Britt-Marie er leikinn af Peter Haber sem lék m.a. lögreglumanninn Martin Beck í samnefndum sjónvarpsþáttum.

Veistu svarið?

Pernilla August hóf leiklistarferil sinn árið 1979 og sló svo fyrst í gegn í mynd Ingmars Bergman, *Fanny och Alexander*, árið 1982. En hver varð fyrsta enskumælandi myndin sem hún lék í? (Vísbending: hún lék ömmu Lukes Skywalker.)



Star Wars: Episode I - The Phantom Menace.

Byrjað upp á nýtt

Britt-Marie er 63 ára kona sem þolir hvorki óhreinindi á heimili sínu né óreglu í hirslum þess og myndu margir segja að hún væri með tiltektar- og þrifnaðaræði. Þegar hún kemst að því að maðurinn hennar til 40 ára hefur verið henni ótrúrákveður hún að fara frá honum og finna sér sína fyrstu vinnu á ævinni.

Sagan um Britt-Marie er eftir sænska rithöfundinn Fredrik Backman sem sló í gegn þegar hann sendi frá sér sína fyrstu bók, *Maður sem heitir Ove*, árið 2012. Síðan þá hefur hann skrifað einar sjö bækur, en *Britt-Marie var hér* kom út árið 2014 og er hans fjórða bók.

Það er ekki nóg með að Britt-Marie yfirgefi eiginmanninn heldur flytur hún til nýs bæjar sem heitir því virðulega nafni Borg en er samt hálfgerð krummaskuð. Segja sumir að það eina sem sé gott við bæinn sé vegurinn sem liggur út úr honum. Britt-Marie tekur samt fyrsta starfinu sem henni býðst en það felst í að taka að sér tilfallandi verk í svokallaðri félagsmiðstöð bæjarins, þ. á m. þrif. Það fer þó svo að hún leiðist út í það ólíklega hlutverk að þjálf nokkra unga fótboltastráka sem geta reyndar lítið í fótbolta en bæta það upp með ótakmörkuðum áhuga og elju sem Britt-Marie kann að meta ...



Eftir að hafa helgað eiginmanni sínum og uppeldi barna þeirra líf sitt ákveður Britt-Marie að pakka saman og byrja upp á nýtt. Það er hin margverðlaunaða leikkona Pernilla August sem leikur Britt-Marie.

Punktur

• *Britt-Marie var hér* er önnur mynd Tuvu Novotny sem leikstjóra en sú fyrsta, *Blindsona*, fékk afar góða dóma og mörg verðlaun. Tuva er reyndar mun þekktari sem leikkona og lék t.a.m. stór hlutverk í myndunum *Kongens nei*, *Borg McEnroe* og *Annihilation*.



Leikstjóri myndarinnar, Tuva Novotny, og aðalleikkonan Pernilla August.



FÆST ÁN
LYFSEÐILS



Rosazol – Lyf við rósroða

Rósroði er húðsjúkdómur sem hrjáir allt að tíunda hvern einstakling, bæði konur og karla. Sjúkdómurinn er krónískur en því fyrr sem meðferð hefst, því líklegra er að hægt sé að hægja á framvindu einkenna. Rosazol er fyrsta og eina lyfið sem fæst án lyfseðils við einkennum rósroða eins og roða og bólum. Virka innihaldsefnið í Rosazol, metrónídazól, tilheyrir flokki sýklalyfja og er ætlað til staðbundinnar notkunar við rósroða. Rosazol, sem er án rotvarnar, er borið á einkennin tvisvar á dag en ávallt ætti að ráðfæra sig við lækni áður en byrjað er að nota lyfið. Ef greiningin er rósroði – spurðu þá eftir Rosazol í apótekinu.

ROSAZOL
metronidazol 1%

Ævintýri ævi þinnar

Þegar konungurinn í Morgunlandi ákveður að Morgunland sé ekki lengur nógu stórt fyrir eimreiðina Emmu ákveður Lúkas stjórnandi hennar að leggja land undir fót og ferðast til fjarlægra staða ásamt hinum munaðarlausu Jóa hnappi. Áður en varir hafa þeir félagar tekið að sér nýtt og spennandi verkefni, að bjarga prinsessu sem haldið er fanginni í Drekaborg.

Jón hnappur og Lúkas eimreiðarstjóri er gerð eftir einni vinsælustu barna- og unglingabók þýska rithöfundarins Michaels Ende, en hann er líka þekktur fyrir sögurnar *Mómó* og *Söguna endalaus* sem báðar hafa komið út í íslenski þýðingu. Hér er á ferðinni mikilfenglegt ævintýri þar sem þeir Lúkas og Jón hitta alls konar fólk og furðuverur á ferðum sínum, ekki síst eftir að þeir koma til hins fjarlega lands Mandala og komast að því að dóttur keisarans þar, henni Lí Sí prinsessu, hefur verið rænt og hún flutt til fangavistar í Drekaborg. Fyrir ráninu stendur hinn óttalegi Grimmberg og um leið og Lúkas og Jón reyna að leysa málið og frelsa Lí Sí færast þeir nær lausninni á því hvaðan Jón hnappur er í raun og veru því hann var sem kornabarn sendur í nafnlausum bögglaþósti til Morgunlands. Finnur hann kannski loksins foreldra sína?



Titilpersónur þessa mikla ævintýris eru þeir Lúkas eimreiðarstjóri og Jón hnappur sem þeir Henning Baum og Solomon Gordon leika.

Punktar

- Myndin er talsett á íslensku og verður eingöngu sýnd þannig en helstu leikendur eru þau Henning Baum, Solomon Gordon, Annette Frier, Milan Peschel, Uwe Ochsenknecht og Christoph Maria Herbst og leikstjóri er Dennis Gansel.
- *Jón hnappur og Lúkas eimreiðarstjóri* er ein dýrasta mynd þjóðverja til þessa en hún kostaði um 25 miljónir evra í framleiðslu og þykja sviðsetningar hennar og tækniþrellur óaðfinnanlegar. Þetta er alveg einstaklega skemmtilegt ævintýri sem allir hafa gaman af.



Eimreiðinni Emmu eru allir vegir færir og hún getur verið bátur líka.

Jón hnappur og Lúkas eimreiðarstjóri

Ævintýri / Fjölskyldumynd

L 109 mín

Íslensk talsetning: Steinn Ármann Magnússon, Gunnar Hrafn Kristjánsson, Vigdís Gunnarsdóttir, Guðmundur Ólafsson, Lára Björk Hall, Björgvin Franz Gíslason, Jóhann Sigurðsson, Rósa Guðný Þórsdóttir, Þröstur Leó Gunnarsson, Þórhallur Sigurðsson og Þórunn Jenný Qingsu Guðmundsdóttir **Leikstjórn talsetningar:** Rósa Guðný Þórsdóttir **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Egilshöll, Keflavík og Akureyri, Selfossbíó, Ísafjarðarbíó, Eyjabíó, Bíóhöllin Akranesi, Króksbíó og Skjaldborgarbíó

Frumskýnd 15. mars





Captive State

Tryllir / Vísindaskáldsaga



Aðalhlutverk: John Goodman, Ashton Sanders, Machine Gun Kelly, Vera Farmiga, D.B. Sweeney, Alan Ruck, Kevin Dunn og Jonathan Majors **Leikstjórn:** Rupert Wyatt **Bíó:** Smárabíó, Háskólabíó og Borgarbíó Akureyri


Frumskýnd 15. mars



Machine Gun Kelly og Ashton Sanders í hlutverkum sínum.

Veistu svarið?

John Goodman ber nafn með rentu enda hefur þessi skemmtilegi leikari ætíð staðið fyrir sínu í þeim fjölmörgu kvikmyndum sem hann hefur leikið í síðastliðin 32 ár eða svo. En í hvaða mynd Coen-bræðra sló hann fyrst í gegn árið 1987?



Halving Arizona

Allar byltingar byrja á neista

Í tiltölulega náinni framtíð hafa dularfullar „geimverur“ tekið völdin á Jörðu og fengið margt fólk í lið með sér. Á móti kemur að þeir eru líka margir sem geta ekki sætt sig við þessa nýju alheimsstjórn og leita því leiða til að velta geimverunum úr sessi. Til þess þarf þó mikla kænsku ... og enn meira hugrekki.

Þeir eru margir sem kunna að meta góðar framtíðar- og vísindaskáldsögur og vonandi á *Captive State*, nýjasta mynd leikstjórans Ruperts Wyatt sem gerði m.a. myndirnar *The Escapist*, *The Gambler* og hina þrælgóðu *Rise of the Planet of the Apes*, eftir að hitta beint í mark hjá þeim hópi. Þetta er ein af þeim myndum þar sem ekki má greina væntanlegum áhorfendum of mikið frá framvindunni til að skemma ekki fyrir upplifuninni en til viðbótar því sem kemur fram hér í innganginum má þó segja að myndin gerist í Chicago og er sagan fyrst og fremst sögð frá sjónarhóli lögreglumannsins Mulligans (John Goodman) sem hefur einsett sér að safna liði gegn geimverunum öflugtu þótt það gæti hæglega kostað hann lífið ...



John Goodman leikur lögreglumanninn Mulligan sem fær m.a. í lið með sér hinn unga Gabriel (Ashton Sanders), en hann er sonur manns sem gerði uppreisn gegn geimverunum en féll í valinn.

Punktur

- Leikstjóri myndarinnar, Rupert Wyatt, skrifaði einnig söguna og handritið ásamt eiginkonu sinni, Ericu Beeney.
- *Captive State* er öll tekin upp þar sem hún gerist, þ.e. í Chicago.
- Tónlistarmaðurinn Richard Colson Baker, sem er betur þekktur sem Machine Gun Kelly, eða MGK, leikur stórt hlutverk í myndinni.
- Þeir sem vilja vita meira ættu að sjá hörkugóðar stiklurnar en gætt hefur verið að því að láta þær ekki segja of mikið frá því sem gerist.





Us

Tryllir



Aðalhlutverk: Lupita Nyong'o, Winston Duke, Evan Alex, Shahadi Wright, Elisabeth Moss og Tim Heidecker **Leikstjórn:** Jordan Peele
Bíó: Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó, Sambíóið Keflavík og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 22. mars



Veistu svarið?

Eins og kemur fram hér í kynningunni og margir vissu sjálfsagt fyrir þá sendi Jordan Peele frá sér myndina *Get Out* árið 2015, en hún hlaut fjölda verðlauna, þ. á m. ein Óskarsverðlaun af fjórum tilnefningum. Fyrir hvað hlaut hún Óskarinn?



Besta frumsýnda handritið

Ný mynd, ný martröð

Wilson-hjónin Gabe og Adelaide eru í fríi og á leið í afslöppun á ströndina ásamt börnum sínum tveimur, Zoru og Jason, þar sem þau ætla að hitta vini og taka því rólega í nokkra daga. Sú áætlun fer þó fyrir lítið þegar vægast sagt dularfullir tvífarar þeirra fara að gera þeim lífið leitt og breyta áætlun þeirra úr því að hafa það náðugt í æsispennandi baráttu fyrir lífinu.

Allt frá því að leikstjórinn Jordan Peele, sem var á árum áður fyrst og fremst þekktur sem annar helmingur grínúettsins *Key and Peele*, kom kvikmyndaheiminum á óvart með sinni fyrstu mynd sem leikstjóri, *Get Out* árið 2015, hefur kvikmyndaáhugafólk beðið spennt eftir að sjá upp á hvað hann myndi bjóða í sinni næstu mynd. Þann 22. mars fáum við svarið við því þegar *Us* verður frumsýnd en í henni fara þau fjögur sem leika Wilson-fjölskylduna með tvöfalt hlutverk því þau leika einnig hina dularfullu tvífara-fjölskyldu sína sem virðist staðráðin í að murka líftórana úr fyrirmyndum sínum á hinn skelfilegasta hátt. Enginn veit hvaðan þessi illa útgáfa af Wilson-fjölskyldunni kemur og því síður hvað henni gengur til, en það má bóka að eftir að þau Gabe, Adelaide, Jason og Zora átta sig á alvöru málsins munu þau snúast til varnar ...



Það sem byrjar sem tiltölulega afslöppuð strandferð Wilson-hjónanna Adelaide og Gabe og tveggja barna þeirra snýst upp í algera martröð þegar dularfullir tvífarar þeirra skjóta skyndilega upp kollinum.

Punktar

- Að sögn sótti Jordan Peele innblásturinn að *Us* í þekktar hrollvekjur og trylla eins og *The Shining*, *The Babadook*, *The Sixth Sense*, *A Tale of Two Sisters*, *Dead Again*, *Martyrs*, *The Birds* og *It Follows*.
- Þetta er í þriðja sinn sem þau Lupita Nyong'o og Winston Duke leika í sömu myndinni en þær fyrri voru *Black Panther* og *Avengers: Infinity War*. Þess má þó til gamans geta að þau hafa þekkt mun lengur eða allt frá því að þau voru bekkjarfélagar í Yale-háskóla.



Leitin að seiðkarlinum

Eftir að Sjóðríkur dettur niður úr tré og fótbrotnar þar sem hann var að ná í mistiltein með hinni gullnu sigð tilkynnir hann bæjarbúum að það sé tími til kominn fyrir hann að draga sig í hlé og að finna þurfi yngri seiðkarl til að elda töfradrykkinn sem komið hefur í veg fyrir að Rómverjar hertaki Gaulverjabæ. Að sjálfsgöðu þurfa þeir Ástríkur og Steinríkur að fara í málið.

Ástríkur og leyndardómur töfradrykkjarins er eftir þá sömu og gerðu síðustu Ástríki-mynd, hina þrælskemmtilegu Ástríkur á Goðabakka, sem var frumsýnd fyrir fjórum árum. Munurinn er sá að á meðan sú mynd var gerð eftir einni af sögum þeirra Renés Goscinny og Alberts Uderzo þá er þetta ný saga eftir Alexandre Astier sem einnig skrifaði handritið og leikstýrir ásamt Louis Clichy. Myndin hefur hlotið afar góða dóma og mikla aðsókn í heimalandinu, enda þykir hún í sérflokki sem einstaklega fyndin fjölskylduskemmtun.



Ástríkur og leyndardómur töfradrykkjarins

Teiknimynd

L 104 mín

Íslensk talsetning: Sigurður Sigurjónsson, Þórhallur Sigursson (Laddi), Jóhann Sigurðarson, Hjálmar Hjálmarsson, Steinn Ármann Magnússon, Örn Árnason, Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Orri Huginn Ágústsson, Elísabet Ormslev, Ævar Þór Benediktsson, Íris Tanja Flygenring, Viktor Már Bjarnason, Einar Örn Einarsson, Magnús Ólafsson, Selma Rún Rúnarsdóttir, Hjalti Rúnar Jónsson og Bjarki Kristjánsson **Leikstjórn:** Sigurður Árni Ólason **Þýðandi:** Oddný Sen **Talsetning:** Myndform ehf. **Bió:** Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó, Sambíóið Keflavík og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 22. mars





Dúmbó

Ævintýri / Fjölskyldumynd

6 130 min

Aðalhlutverk: Colin Farrell, Eva Green, Michael Keaton, Danny DeVito, Nico Parker, Finley Hobbins, Alan Arkin, Lucy DeVito og Joseph Gatt
Leikstjórn: Tim Burton **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Egilshöll, Keflavík og Akureyri, Smárabíó, Laugarásbíó, Selfossbíó, Ísafjarðarbíó, Eyjabíó, Bíóhöllin Akranesi, Króksbíó og Skjaldborgarbíó

Frumskýnd 29. mars



Fljúgðu Dúmbó, fljúgðu

Þegar lítill fill fæðist í fjölleikahúsi telur eigandi þess samtundis að hann sé vanskapaður því hann hefur svo stór eyru. Það á hins vegar eftir að koma í ljós að þessi risastóru eyru gera Dúmbó litla kleift að verða fyrsti fill í heimi sem getur flugið.

Það þekkjá auðvitað margir ævintýrið um fljúgandi filinn Dúmbó en hinir einstöku flughæfileikar hans eiga fljótlega eftir að verða mikil lyftistöng fyrir fjölleikahúsið og laða að fleiri áhorfendur en nokkru sinni fyrr. Um leið vekur hann auðvitað athygli gráðugra manna sem einsetja sér að eignast hann með öllum þeim ráðum sem til duga ...

Myndinni er leikstýrt af Tim Burton og er eins og aðrar endurgerðir Disney undanfarin ár á eldri teiknimyndum fyrirtækisins einstaklega skemmtileg blanda af leiknum og tölvuteiknuðum atriðum og um leið kjörin bíóupplifun og skemmtun fyrir áhorfendur á öllum aldri.



Colin Farrell, Nico Parker og Finley Hobbins í hlutverkum sínum í myndinni. Fyrir þá sem kannast við svipinn á Nico má geta þess að hún er nauðalík móður sinni, leikkonunni Thandie Newton.

Punktar

- Þessi nýja mynd um litla filinn Dúmbó sækir að sjálfsgöðu innblásturinn í samnefnda og geysivinsæla teiknimynd Walt Disney frá árinu 1941 sem var aftur byggð á barnabók Helenar Aberson og Haralds Pearl. Þess ber þó að geta að sagan í myndinni hefur tekið nokkrum breytingum frá upprunalegu teiknimyndarútgáfunni, aðallega hvað varðar aukinn þátt mannlegru persónanna í ævintýrinu.



Michael Keaton leikur hinn gíruga Vandevere sem sér mikil gróðatækifæri í Dúmbó og Danny DeVito leikur eiganda fjölleikahússins.

Stigið yfir línuna

Þegar lögreglumennirnir Brett Ridgeman og Anthony Lurasetti (Mel Gibson og Vince Vaughn) eru sendir í sex mánaða launalaust „leyfi“ fyrir að hafa gengið fullharkalega fram við síðustu handtöku ákveða þeir að gerast sjálfir ræningjar, enda hafa þeir bæði kunnáttuna og þekkinguna sem til þarf!

Dragged Across Concrete er þriðja mynd leikstjórans og handritshöfundarins S. Craigs Zahler en þær fyrri voru hinar fantagóðu *Bone Tomahawk* og *Brawl in Cell Block 99*. Hér segir hann okkur magnaða sögu af tveimur lögreglumönnum í ónefndri borg sem lenda í miklum fjölmiðlastormi með tilheyrandi samfélagsmiðlaumræðu þegar myndband af síðustu handtöku þeirra fer á flug, en það þykir sýna þá sem algera fanta. Í kjölfarið eru þeir sendir í launalaust leyfi en á því hafa þeir engin efni, sérstaklega ekki sá eldri þeirra, Brett. Hann ákveður því að nýta sér þekkingu sína á undirheimunum til að komast yfir góss glæpamanna og svo fer að sá yngri, Anthony, gengur í lið með honum. Hvorugur gerir sér grein fyrir afleiðingunum ...



Lögreglumennirnir Anthony og Brett, sem eru leiknir af Vince Vaughn og Mel Gibson, ákveða að snúa við blaðinu þegar þeir eru sendir í launalaust leyfi og nýta sérfræðipækkingu sína í eigin ágóðaskyni.

Dragged Across Concrete

Glæpasaga / Spenna / Hasar



Aðalhlutverk: Mel Gibson, Vince Vaughn, Jennifer Carpenter, Laurie Holden, Don Johnson, Tori Kittles, Michael Jai White, Thomas Kretschmann og Udo Kier **Leikstjórn:** S. Craig Zahler **Bíó:** Smárabíó, Háskólabíó, Borgarbíó Akureyri og Selfossbíó

Frumskýnd 29. mars



Veistu svarið?

Jennifer Carpenter sem fer með annað aðalhlutverkið í myndinni á móti Laurie Holden er mörgum að góðu kunn en segja má að hún hafi fyrst slegið í gegn í vinsælum sjónvarpsþáttum sem hófu göngu sína árið 2006. Hvaða þáttum?



Dexter

Punktur

• Þeir Mel Gibson og Vince Vaughn unnu eins og kunnugt er saman við gerð myndarinnar *Hacksaw Ridge* og það var við það tækifæri sem Vince sýndi Mel handritið að *Dragged Across Concrete*. Vince, sem hafði síðast leikið aðalhlutverkið í mynd S. Craigs Zahler, *Brawl in Cell Block 99*, hafði þá þegar tekið að sér hlutverk Anthony's í þessari mynd og segir sagan að Mel hafi hrifist mjög af handritinu og ákveðið strax að taka að sér hlutverk hins reynda Bretts á móti honum. Þess má og geta að þau Jennifer Carpenter, Don Johnson og Udo Kier sem leika í *Dragged Across Concrete* léku einnig öll stór hlutverk í *Brawl in Cell Block 99* og að annar mannskapur sem kom að gerð þeirrar myndar er einnig nánast sá sami og gerir þessa mynd.

